# Viljinn.

Lestrarfjelagsblað Miklabæjarsóknar.

XIV. árg. | Litladal, 19. mars 1923. | 8. tbl.

## Sakamaðurinn.

Foreldrarnir mætu mínir
til moldar hnignir eru bæði.
Móðir fyrir börnum brýnir
bestu okkar kristnu fræði,
það var mitt góða veganesti
og vonarljósið æsku minnar,
það svæfði mína sorg og bresti
— jeg sakna, móðir, blíðu þinnar.

Þegar að jeg missti mína
mætti jeg kala og hrakningi —,
enginn vildi vorkunn sýna
vinalausum einstæðingi:

Þannig liðu áfram árin,
oft jeg var með köldu sinni;
einnig felldi trega tárin
og tilverunni gramdist minni.

Hugur fylltist heift og bræði —
hefndin varð mjer þó til saka.
Greip mig trillings ógnar æði:
eitthvað varð til bragðs að taka.
Fór jeg yfir fjöll og dali —
friður ríkti í óbyggðinni.
Fararefnin: sálar svali,
sorg og þraut í baráttunni.

Gekk jeg upp á háa hólinn,
horfði yfir sveit til fjalla;
bjarta geisla sendi sólin
silfur-hvítum jökulskalla.
Fýsti mig að fara lengra —
forðast vildi hefndir laga;
sviftur frelsi, sakna engra —
sólskins — átti fáa daga.

---



Leit jeg yfir landið ísa —
langt í fjarska sá jeg rísa,
jökulbungu breiðar, hvíta,
brattir tindar upp úr stóðu,
á þá sólar geislar glóðu —
gafst mjer fleira þar að líta.

Mýrarsund og hálsa háa,
hraunabreiður, læki smáa,
stóra velli, starar flóa,
stöðuvötn og fugla hópa:
stend jeg við og hrærður hrópa:
Hjer er dýrð — þótt vanti skóga.

Fjalladrottning, fóstra kæra,
fegurð þín og loftið tæra,
heillar særða sakamanninn
sem á hvergi vini að mæta
en vill þó sína bresti bæta —
og bjartan þráir friðar-ranninn!

---

Með fullum seglum fleyið þýtur,
feikna öldur stafninn brýtur.

Horfi jeg í himnsta sinni
hnípinn, yfir landið kalda:
Sendi klökkur kæra, valda,
kveðju, henni fóstru minni!

Svo mun gleymdur sakadrengur,
sem á hvergi heima lengur, —
enginn saknar, enginn grætur,
útlagann —, sem kærleik þráir;
miskunn sýna fremur fáir,
en fullar vilja hafa bætur.

Hefði mjer verið sýndur sómi,
samið hvein í mildum dómi,
vel mjer unað hefði heima
og helgað lífið dyggðum sönnum
hjá kurteisum og kristnum
mönnum,
er kærleiksverkum aldrei gleyma.

Ragnar Baldvinsson.



# Nefskattur.

Jeg hefi oft verið að hugsa um það, hvað því muni valda, að enginn hefur minnst á nefskattinn hjer í blaðinu, síðan grein oddvitans kom út í 3. bl. „Viljans" í vetur. Og hefi jeg þó fullar sannanir fyrir því, að flestir eru óánægðir með nefskattinn —, sem vonlegt er.

Það getur vel verið að menn haldi, að þeir styggi hina háttvirtu hreppsnefnd með því, að segja ekki já og amen um aðferð hennar við álagninguna útsvarsanna síðastliðið haust.

En jeg álít það sje gott, að sem flestir láti skoðun sína í ljósi um þau mál, sem snerta almenning. Öll kyrstaða og deyfð í

þessum efnum, er andlegur dauði og er harla ósamkvæmt loft-kastalabyggingu og vængjaþyti þessa tíma. Þar sem allt er á flugi og ferð á öllum sviðum og er verið að reyna koma öllu í sem best lag. Leitast við að finna bestu leiðirnar að takmarkinu.

Jeg er ekki að hika við að segja álit mitt um nefskattinn, fyrst enginn vill gera það, nema það sem ritstjóri þessa blaðs sagði um hann, í sama blaði og grein oddvita birtist í.

Jeg er ekki hræddur um, að jeg fái ekki ~~eftir sem áður~~ í bollanum eftir sem áður, hjá hreppsnefndarmönnunum er jeg heimsæki þá, — þó þeir í sveitinni kynnu að hugsa sem svo: Hvern andsk. er hann að



blaðra, sem á ekki bót fyrir rassinn á sjer. Honum ferst það!

En nú er kominn annar tími og áður var, þegar eiginlega var dauðadæmt allt hjá lítilmagnanum og þeir sem peningana áttu, höfðu einir orðið — og völdin.

" " " "

Nú er óvenjulega mikill öldugangur um alla jörðina, það er eins og allt skjálfi af stórkostlegum breytingum. Það sem áður var lítilsvirt og undirokað, er nú að brjótast fram til að ná rjetti sínum. Þjóðirnar eru í hamförum og konungar og keisarar eru að steypast af stóli. Lýðurinn hrópar: Meira jafnrjetti! Burt með kúgun og yfirgang!

Allt stefnir að því, að einstaklingurinn nái rjetti sínum og fái að njóta hans. Ýms mann-

iðarfjelög eru stofnuð og mann-
rjettindafjelög, sem vinna að þessu.
Og löggjafar þjóðanna hafa sýnt
það í verkinu að þeir eru jafn-
aðarmenn. Mótspyrna dugar
engin, því fjöldinn brýtur hana
á bak aftur.

Þessi jafnrjettis hreyfing er
komin hingað og jafnvel inn á
þing þjóðarinnar. Og af áhrif-
um hennar voru hin nýju skatta-
lög samin. Og með þeim kom
greinilega í ljós, hversu mikið
órjettlæti hefir verið ríkjandi í
opinberum greiðslum manna.
Þeir ríkustu hafa áður ekki innt
af hendi nema litinn hluta af
opinberu gjaldi því, sem þeir
nú, eftir nýju skattalögunum,
verða að borga. Og geta nú
allir sjeð og þreifað á, hversu
órjettmætt þetta hefur um lang-
an tíma verið.



Og hún er ekki svo lítil fúlg-
an, sem landssjóður eða ríkis-
sjóður, hefur misst af, fyrir
órjettmæta tilhögun í þessu efni.
Og ekki svo lítil summa, sem
hinir fátæku hafa orðið að greiða
um skör fram. — Og þetta nær al-
veg eins til hreppssjóðanna.

En með nýju skattalögunum er
rjettmæti eða jöfnuður mikill
kominn á með gjöldin.

Og tilgangur skattalaganna,
hefði átt að geta bent hrepps-
nefndinni í haust á rjetta leið,
til að leggja hreppsgjöldin á.
En með álagning nefskattsins,
hefir hreppsnefndin algjörlega
steingleymt þessum góða tilgangi
laganna, og sett fordæmið langt
aftur fyrir sig.

Nefskattur hefur enginn verið
til í langa tíð með lögum, nema
þessi skattur til prests og kirkju,

sem var settur á af sjerstökum skiljanlegum orsökum. Sum gjöld eru fljótt á að líta sem persónugjöld eða líkt og nefskattur, af því þau eru miðuð við höfðatölu.

Þessi nýji nefskattur er ólöglegur og á að hverfa. Hann byggist á ójöfnuði og hefur engan rjett á sjer. Menn eiga að mótmæla honum og kveða hann niður sem draug.

Nú skal athuga órjettmæti hans.

Oddvitinn segir:

„Nefskattur var lagður á alla, sem verkfærir gátu talist, á aldrinum 18—60 ára og var hann Kr. 12.00 á karlmann, en Kr. 6.00 á kvennmann. Innan 18 ára að eins hálfur nefskattur."

Af þessu má sjá, að það hefir verið



ekki svo lítil krónu upphæð, sem jöfnuð hefir verið niður með nefskattinum. Sá efnaðasti, sá sem berst í bökkum og sá sem ekkert á, hafa allir verið látnir borga jafnt. Þetta er ósanngjarnt og getur með engu móti haldist við.

Sá efnaði borgar of lítið. Sá sem berst í bökkum, borgar of mikið. En sá, sem ekkert á, borgar einvörðungu af tilveru sinni.

Jeg þykist vita, að til muni vera í sveitarfjelaginu kvennmenn, er eiga ekkert nema kaup sitt, og það máske ekki ýkja hátt. Þegar þessar stúlkur eru búnar að klæða sig sómasamlega af kaupi sínu, og taka eitthvað lítilegt til annara nauðsynja — þá mun ekki teljandi afgangur vera. Og þeir sem innan 18 ára eru, ~~munir~~ munu sumir hverjir lítið eiga, eða ekkert.

Það eru persónur til í hverju

sveitarfjelagi, heiðvirðar í alla staði, sem máske í bili eiga ekkert. Af þeim er ekki sanngjarnt að heimta greiðslu — síst af öllu jafna við efnamanninn.

Heyrt hefi jeg, að sumir líti þá svo á, að fyrir þessa fátæku yrði þá sveitafjelagið að borga, eða með öðrum orðum — hreppurinn! Skilt því að þiggja af sveit. —

— En sá misskilningur! En sú vitleysa!

Getur ekki maðurinn í svipinn verið staddur á þessu takmarki? Er það nokkuð óheiðarlegt, sje hann nýtur og góður maður, að öðru leyti?

Og af engu, er örðugt að taka. —

Og jeg skil ekki annað en hætt verði að leggja nefskatt á, því hann verður æfinlega órjettmætur. Það eina rjetta er, að hver borgi hlutfallslega af efnum sínum,



því meira, sem eignirnar eru meiri. En þeir sem ekkert eiga, verða að vera gjaldfríir eða því sem næst.

Að öðru leyti er jeg ekki fær um að kenna hreppsnefndinni — og kærði mig þá heldur ekki um það — hvernig hún hagar næst niðurjöfnun útsvara, þó hún hafi óbeinlínis mælst til þess að menn gerðu það.

Með virðingu!

Baldvin Bárddal.

## Andmæli.

Jón Kristjánsson kennari, hefir skrifað um Uppeldismálafjelag fyrir skemmstu í „Viljanum“. Hann heldur þeim fjelagsskap mikið fram, sem eðlilegt er, því það er sjálfsagt göfug hugsjón. En grein hans getur um fleira, sem jeg get ekki verið sammála um.

Hann segir: „að það ~~sje~~ þýði ekki að berja höfðinu við steininn og það sje þýðingarlaust að blása á móti anda framfara — móti lögum guðs." Jeg veit ekki til þess að við hjer sjeum að „blása á móti anda framfaranna eða berja höfðinu við steininn".

Nei, það höfum við ekki gert og ekki víst við gerum það framvegis.

Þó fræðslulögin sjeu að mörgu leyti góð, eru þau engin guðs lög, nei, þau eru samin af syndugum mönnum og hafa bæði kosti og galla.

Kennarinn talar um mótbyr gegn fræðslumálunum, sem hafi komið hjer fram í ýmsum myndum, og þykist koma með sönnun fyrir því að hann fari ekki með ósatt mál, og segir: „skal jeg minna á þá viðleitni einstakra manna, að



færa þann fræðslukostnað sem hreppsfjelagið á að greiða, yfir á barnaeigendur. Slíkt er að brjóta lögin".

En hverjir eru þessir einstöku menn? Því skal jeg svara: Það eru barnaeigendur sjálfir. Barnaeigendur í frampartí hreppsins, buðust til að fæða kennarann fyrir enga greiðslu úr sveitarsjóði.

Ekki getur mjer fundist það „að brjóta lög", þó hlutaðeigendur barna vilji gefa fæði kennarans. Slík lög, sem banna það, væru í meira lagi órjettmæt. — Og fram hjá þessu boði gat fræðslunefndin ekki gengið. Leitaðist því fyrir hjá aðstandendum barna, hjer í miðparti hreppsins, hvort þeir vildu ekki gera hið sama — fæða kennarann endurgjaldslaust. Undirtektir þeirra urðu víðast góðar og það hjá sjálfum kennaranum.

Jeg skil ekki að neinn geti með

rjettu álasað fræðslunefndinni fyrir það, þó hún vildi fara þessa leið, því hún sá það, ef sumir barnaeigendur fæddu kennarann endurgjaldslaust, væri það mesta órjettlæti. — Það sem vakti fyrir þeim barnaeigendum, sem gerðu áðurnefnd boð, var það, að þurfa ekki að hrekkja börnin ofan í sveit, og koma þeim þar fyrir og kaupa fæði handa þeim. Þeir munu hafa sjeð það, að sá kostnaður yrði hlutfallslega eins mikill, þegar allt kæmi til alls, eins og þó þeir fæddu kennarann endurgjaldslaust. Jeg er alveg viss um að sumum barnaeigendum hjer í miðparti hreppsins að minnsta kosti, hefði þótt lítið varið í það að hrekkja börn sín fram í dali. Minnsta kosti hefði jeg ekki gert það. Að sjá um fræðslumálin í Akrahreppi er ýmsum erfiðleikum bundið, fram



yfir alla aðra hreppa sýslunnar, og jafnvel víðar, en um það ætla jeg ekki að skrifa, að þessu sinni.

Ekki get jeg kallað það andúð gegn uppeldismálunum, þó sumir barnaeigendur vilji fæða kennarann endurgjaldslaust, eins og greinarhöfundurinn, Jón Kristjánsson, segir. Hann segir líka: „að það lýsi út af fyrir sig þeirri óheillaandaröldu, sem miði til þess að koma uppeldismálunum aftur á bak inn í gamla tímann." — Því miður hefir sá ólukkans galli verið á öllum mönnum frá upphafi, og verður til enda, að þeir hafa þurft mat til að geta lifað, og starfað. Eins er með kennarann okkar, hann þarf mat eins og aðrir, til að geta lifað og starfað. Til að geta uppfrætt blessuð börnin.

Hvaðan fæðið eða fæðispeningar kennarans koma, hvort það er frá barnaeigendum eða hreppssjóðnum,

kemur uppfrædslu barnanna ekkert við.

Það er því ofsagt, að þeir menn gangi aftur á bak í uppfrædslumálunum, sem vilja fæða kennarann endurgjaldslaust. Það er að eins að ræða um lífsviðurværi manns, en ekki uppfrædslu barna.

Það er spor stigið aftur á bak í frædslumálunum með því að stytta námstíma barnanna, eins og hin heiðraða Frædslumálastjórn hefir gert; en jeg er viss um að hún hefir haft gilda og góða ástæðu til þess.

Frædslunefndin hjer í hreppi hafði líka gilda og góða ástæðu til að reyna fara þá leið, sem jeg hef áður minnst á.

En jeg fyrir mitt leyti vil annaðtveggja: að allir eigendur eða aðstandendur barnanna fæði kennarann endurgjaldslaust, eða þá



að sveitarsjóðurinn borgi fæðið að öllu leyti — annars verður það ekki rjettlæti.

En þó barnaeigendur fæði kennarann endurgjaldslaust, ganga þeir góðu menn ekki aftur á bak!

Agnar Baldvinsson

## Baðstofuhjal.

Saga.

(Aðsent). Frh.

„Þetta er satt. Nóg er til af þessum lögum", sagði Simbi og tók fáein korn í nefið, því hann var nærri búinn úr pungnum.

„Hvaða samkoma var þarna niður frá núna? Það gengur ekki á öðru en eintómum „böllum", og þó þau sjeu einu sinni í viku, þá er þar nú samt allt af húsfyllir. Það vantar ekki. En kirkjurnar standa tómar. Þangað nennir ekki þessi lýður, þá sjaldan ber að messa." „Það er satt er

þú segir og mikið fer í þetta af pen-
ingum". „Ætli ekki. Þarna geta allir
keypt sig inn og keypt sjer kaffi. Þá
hafa allir nóga peninga, þó þurfi
að innheimta helminginn af þing-
gjöldum og útsvörunum með lögtaki nú
orðið, sem von er, allir peningarnir
fara í þessa þarfa. Já, þeim þykir
þetta ekki nóg," sagði Pjetur, og hristi
höfuðið, „heldur þarf þetta fólk líka
að fara heim á Þorrablótið á Hólum
og svo er nú sýslufundurinn. Þar
liggur nú samt við svo dögum skift-
ir, eins og Fljótamenn þegar þeir fóru
í hákarlalegu forðum. Það er eins
og jeg hefi allt af sagt: Fólkið er að
verða hringlandi bandvitlaust af
tómu skemmtanaæði. Og að þú
skulir vera í þessum ærslum líka,
Simbi, þú ert þó af ljettasta skeiði",
sagði Pjetur, og skaut einni gus-
unni inn undir borðið. „Og kom-
urðu ekki af einni samkomunni



núna?" „Það var nú ekki samkoma,"
sagði Simbi, og klóraði sjer í skegg-
hýjungnum. „Það var fundur, þingmála-
fundur." „Nú, kallarðu það ekki sam-
komu. Þeir eru meira að segja verri
en nokkur samkoma, þó þar sje ekki
seldur aðgangur. Þar verða menn
alveg vitlausir í atkvæðagreiðslum
og öllum fjandanum, og ná sjer ekki
fyrr en löngu seinna. Nei, þá fundi
ætti enginn óvitlaus maður að sækja."
„Það finnst mjer líka", sagði Simbi,
„Það er dæmalaust að heyra, hvað menn
geta orðið æstir þar. Já, og ná sjer
ekki fyr en löngu seinna." „Voru
margir á þessum fundi?" „Eitthvað
um 30." „Jú, þessu nenna þeir. Hvað
var helst rætt um?", spurði Pjetur,
hann var farinn að ganga um
gólf í ákafa. „Það voru einhver
frumvörp, sem stjórnin ætlar að leggja
fyrir næsta þing — sögðu þeir mjer."
„Um hvað voru þau?" Þeir hafa ekki
annað að gera í stjórnarráðinu en

unga persu og þvílíku góðgæti út." „Eitt var um að afnema landshjálavörðinn." „Bíddu við! Það var hreint ekki svo vitlaust. Slíkur þeir mætti missa sig og hefði aldrei átt að vera til. Voru ekki allir með því?" „Já, flestir." „Hvað var svo meira um að vera?" „Að fækka sýslumönnunum. Taka hann t.d. burt hjeðan." „Þetta líkar mjer. Jeg fer að halda þetta hafi verið ekki svo vitlaus fundur."* „Já, taka hann hjeðan, það var rjett. Kannske maður losni þá við eitthvað af þinggjöldunum eða sleppa alveg við þau, ef hann hættir að þinga. Þetta er líklega nokkuð góð stjórn. Sparsöm er hún, það sje jeg á þessu, því blöðin hefi jeg ekki sjeð, síðan þeir ljetu „Ísafold" verða hordauða og „Frækorn" hætta að koma út. Hvað heita þeir annars sem eru í stjórninni núna?" „Jeg man það nú ekki fyrir víst," sagði Simbi, „Sigurður og Magnús Guðmundsson, er að minnsta kosti, en hvað hinir heita, veit jeg ekki", og Simbi var



hálf skömmustulegur að vera nýkominn af þingmálafundi og vera ekki viss hverjir væru í stjórninni.* „Það er ekki von þú vitir það, þegar skift er um stjórn svo að segja með hverju tungli, en góðir drengir og sparsamir eru það, sem nú halda um stjórnartaumana. Lagði hún ekkert fleira fyrir fundinn?" „Já, hún vildi ekkert hafa með landlækninn að gera, sögðu þeir." „Nú, þetta hefir verið besti fundur. Jeg vildi jeg hefði verið kominn til að greiða atkvæði með ykkur um þessi mál. Landlækninn, — já, sá mætti nú fara og allir læknar með honum. Það er ekki vitund betra heilsufar nú meðal manna, en í mínum uppvexti, nema verra til, og voru þá ekki læknar á hverju strái, eins og nú. Þá veiktist enginn af öðru en gigt eða ef hann beinbrotnaði og menn dóu eiginlega ekki úr neinu, nú eru aftur krakkarnir tannlausir 10 ára gömul og allt af að drepast og skæla af tannpínu og

 hryggskekkju af því að sitja á skóla-
bekkjunum, en það er nú auðvitað
fræðslunefndinni að kenna. Áður
en fólk nær tvítugsaldri er búið að
skera botnlangann úr flestum og
það gera læknarnir til að græða á
því — segja hann sje bara til bölv-
unar. Eins og guð hafi ekki skapað
hann í manninn, eins og allt ann-
að og þá auðvitað ætlast til hann
væri kyr, þar sem hann setti hann
í upphafi. Svona finna læknarn-
ir upp á ýmsu. Næst segja þeir að
lungun í manni sjeu bara til eins
ils og fara að svifta þeim burtu.
Nú er ekki um annað tíðara talað
en vesöld, kvef, lungnabólgu, tæringu,
tannpínu, innflúensu og krabbamein,
fyrir utan það sem beint og króka-
laust drepur mann. Jeg hef aldr-
ei veikst af öðru en gigt, en hana
getur læknirinn ekki læknað heldur.
Nei, allir læknar ættu að fara, og
það vakir fyrir stjórninni — þá fyrst
sparaðist verulega. Það yrði laglegur


skildingur. Já, það skiftir miklu
hver á heldur. Bera þetta t.d. saman
við hreppsnefndina hjerna. Það er
stóri munurinn, enda er þar ólíku
saman að jafna. Ætli það fari ekki
að slaga hátt upp í fjárlögin, það sem
fer að jafna niður?"
Á meðan Pjetur gamli ljet dæluna
ganga, hafði matur verið borinn fyrir
Simba og var hann tekinn til snæð-
ings, því hann var hungraður af
göngunni. — — — „Var ekki talað
um að afnema fleiri embætti?" spurði
Pjetur gamli, hann var orðinn hinn
kátasti og spýtti nú allt hvað af tók
undir borðið. „Jú", sagði Simbi með
fullan munninn, „mig minnir eitt
væri um að afnema biskupinn".
„Á- hvað segirðu?" sagði Pjetur og hrökk
við eins og hann hefði verið stunginn.
„Afnema biskupinn! Nei, nú er jeg al-
deilis steinhissa — afnema biskupinn —
ekki nema það þó! Það lá að það end-
aði með einhverri endemis vitleysunni
hjá þeim, eins og vant er. Jeg held þeir

sjer hringlandi bandvitlausir", og
hann spýtti út úr sjer heljar gusu,
sem skall beint ofan á ristina á
Simba. Hann hætti að borða og
þreif poka sinn og þurkaði með op-
inu af ristinni á sjer, leit síðan
upp nokkuð hvasst og sagði: „Þetta
kom líka frá stjórninni". — „Hvað!
að drepa biskupinn?" „Nei, að af-
nema hann." „Jæja, mjer finnst það
nú nokkuð sama. En nú sje jeg hvað
stjórnin hefir meint með þessu. Ekki
vantar undirferlið og lymskuna.
Til þess að geta rutt honum úr götunni
hefir hún viljað vinna til, að fórna
landlækninum og sýslumönnunum,
sem hafa þó verið inns undir hjá hverri
stjórn. Þeir ætla að kóróna pappírs-
fullveldið með því að afnema bisk-
upinn. Skárr' er það! Puh! Hvernig
heldurðu standi á þessu; Simbi."
„Jeg veit ekki", sagði Simbi, og þakk-
aði um leið fyrir matinn. „En mjer
var að detta í hug hvort þeim gæti


ekki verið illa við hann vegna þess
að þeir hefðu einhverjar aðrar trúar-
skoðanir." Simbi sagði þetta með
spekingssvip, og tók nú seinustu
kornin úr tóbakspunginum og
lygndi augunum upp á Pjetur, sem
stóð steinþegjandi á gólfinu og
sendi hverja dembuna eftir aðra
út úr sjer, og lentu þær flestar á plögg-
um Simba og poka. — — — „Þú hefir
líklega dottið á það rjetta, Simbi.
Þetta eru líklega eintómir anda-
trúarmenn og þess vegna vilja þeir
láta biskupinn „gaa vekk", af því
hann er ekki af þeirra sauðahúsi.
Það datt mjer aldrei í hug að við fengjum
hjer trúarbragðastríð ofan á allt
annað horngrýtis rifrildið." Pjetur
hristi höfuðið og var kominn á ham
hálfgerður tryllingur. „Og svo gæti jeg
bezt trúað að prestarnir stæðu hjer á
bak við — þeir yngri að segja, því þeir
eru allir troðnir út með andatrú, þá
fengju þeir fyrst að leika lausum hala

með kenningar sínar, ef biskupslaust yrði. Það er ábyggilegt." „Því trúi jeg ekki, að þeir sjeu neitt að skifta sjer af þessu," sagði Simbi. Hann var hinn mesti prestavinur og mátti ekki heyra í þá hnjóðað. — „Nú, einhverjir munu það vera aðrir, sem standa þar fremstir í flokki a.m.k. presturinn okkar. Hann skal jeg forsvara". — „Fjandann ætti þú forsvarir hann. Er ekki alltaf verið að segja, að hann sje með eitthvert andatrúargutl í ræðum sínum. Það mætti svo sem ímynda sjer hvernig sú kenning yrði framvegis, ef hann hefði ekkert aðhald af biskupnum!"

„Hefir þjer virst það í þeim ræðum, sem þú hefir heyrt til hans" sagði Simbi. Þú ert skynsamur maður og þarft ekki að fara eftir annara sögusögn með það." — — Nú, ónei. Jeg hef ekki heyrt nema sjaldan til hans, því jeg treysti mjer ekki að fara að vetrinum til kirkju, ekki síst þegar seint er tekið til, eins og nú er orðinn vani, og í þessum



óþurka sumrum sem nú eru allt af farin að verða, er eins og helst sje flæsa á sunnudögum og þá veitir manni ekki af að reyna að ná tuggu, ef skepnurnar eiga ekki að drepast allar að vetrinum og maður sjálfur þar á eftir.

(Frh. síðar).

# Nokkur orð

flutt á iðnaðarsýningu Kvenfjelags Akrahrepps, á sumardaginn fyrsta 1922.

Það er sumardagurinn fyrsti í dag, það er því sumar hugsun efst í huga mínum og sumarsins orð, sem mig langar til að bera á borð fyrir ykkur, örfáar mínútur. Sumardagurinn fyrsti hefur löngum verið gleðidagur fyrir okkur Íslendinga, og það ekki að ástæðulausu, því þá er þó ætíð von um að eitthvað fari að lifna yfir hinni íslensku náttúru. Þó ekki komi ætíð sumartíð með fyrsta sumardegi.

Þegar við vorum börn, þráðum við sumarið svo innilega. Veröldin leit þá út fyrir okkur eins og leikvöllur, og þá

var það sumarið sem hellti ljóma-
dýrð sinni yfir þann völl. Þá var
vor í sálum okkar og okkur dreymdi
svo fagra drauma, um vorið og sum-
arið. Við þráðum að fá að sjá blóm
vorsins og leika okkur að þeim. Við
þráðum að heyra fuglasönginn og
við þráðum að sjá lækina koma hopp-
andi niður hlíðar fjallanna, — svo
leikandi fjöruga, alveg eins og við vor-
um sjálf. Já, við þráðum þá stund,
þegar „lauf og lyngið vaknar og lóan
við sjer raknar,“ og þegar „birtir yfir
berjamó og breiði hvítur slokknar“, og
þegar „myrkja söngvar sefa, og sum-
argeislar vefa litaglit um hæð og
hól og hlýju og birtu gefa“, og þegar
„líður blíð og dulræn dýrð um djúp
og heiði og völl.“ — Svo þegar vorið
kom, þá uppfylltist sumarþráin
ljúfa og okkur dreymdi bernsku- og
æsku draumana okkar fögru, við
brjóst blómgvaðrar fósturjarðarinnar



und viðum og trjerum vorhimn-
inum. — Við, sem erum nú komin
af bernsku- og æskuárunum, lítum
nú í dag, á sumardaginn fyrsta, um
öxl til æsku okkar með ljúfum endur-
minningum, — og enn þá hygg jeg
að sjeu dálitlar glæður af sumar-
þrá í fylgsnum hugans, sem minni
á tíð varetar og þroska í svipuðum
skilningi og þegar við vorum börn. —
En lífsbaráttan okkar Íslendinga
er svo hörð og sumarið svo þýðingar-
mikill tími fyrir okkur, til undirbún-
ings undir hinn kalda vetur, að þrá
okkar eftir sumrinu, virðist á ytra
borðinu stefna mest að hagsmuna-
hlið þess. Við óskum eftir hagstæðri
sumartíð og nægri uppskeru, svo okk-
ur bresti ekki brauð handa sjálfum
okkur nje öðum. — En nú er sumar
og vetur til í mörgum skilningi.
Ef við lítum á efnahag íslensku þjóð-
arinnar nú, er þar samarlega ekki

vor að sjá. Þjóðin er á siglingu gegnum brim og boða í reglulegu september-veðri á stórhafi dýrtíðar og skulda, og hvergi sjer til lands, þar sem hún geti náð öruggri höfn. Óskum við ekki eftir sumri og mildum blæ á því hafi, svo við getum siglt hvert sem við viljum? Jú, þess óskum við sjálfsagt öll, og er það síst að undra. Flestum kemur saman um, að nú þurfi þjóðin að spara og búa sem mest að sínu eigin, en kaupa sem minnst af öðrum þjóðum — og líklega er það eini vegurinn til viðreisnar fjárhag þessarar fátæku þjóðar. En til þess þarf án efa að breyta mörgu frá því sem verið hefur t. d. þarf heimilisiðnaðurinn að taka mjög stórfeldum stakkaskiftum. Heimilisiðnaður hefur allt af verið stundaður hjer á landi síðan í fornöld. Í fornöld unnu menn mikið af vaðmáli. Unnu úr ull sinni bæði vaðmál og fleiri tóvöru og seldu til útlanda. Og þegar



Skúli Magnússon kemur til sögunnar með umbætur sínar í iðnaði og fl. selja menn enn bæði vaðmál, sokka og peysur kaupmönnum, þó sá iðnaður þyldi að vísu ekki samanburð við iðnað annara þjóða á þeim tíma. En svo hleypir Skúli — sem kunnugt er — nýju lífi í iðnaðinn, með bættum tækjum og meiri kunnáttu. Þá kemur nýi vefstóllinn til sögunnar o. s. frv.

Fyrir 1880 mun það sjaldgæft — minnsta kosti í sumum sveitum landsins — að almúgamenn klæðist fötum úr útlendu efni. En eftir þann tíma fer það mjög að tíðkast, og loks var svo komið nú síðast að allur þorri fólks var algerlega farinn að kasta áhyggju sinni í því efni til kaupmanna og útlenda varningsins, og fínna þótti meir að segja að vera í útlendum en íslenskum sokkum. Þó var þetta mismunandi í ýmsum sveitum landsins.

Þannig var kominn vetur í ís-
lenzkum heimilisiðnaði.
En nú eru víða farin að sjást dá-
lítil vormerki aftur og eru það þá
helzt kvennfjelögin, sem þeim vor-
merkjum valda. Einnig hjer hjá okk-
ur sjást vormerkin. — Kvennfje-
lagið hjer í hreppi hefir — sem kunnugt
er — haft hjer heimilisiðnaðar náms-
skeið yfir sex vikna tíma. — Það er
að byrja vor í Skagfirskum heimilis-
iðnaði, tími þroska og blómgunar,
og nú eru okkur sýnd í dag smáblóm-
in, sem þegar eru sprungin út. Það
eru að vísu fyrstu blómin, en við
vonum að þeim fjölgi og við von-
um að allir Skagfirðingar hlynni
að útbreiðslu þeirra. Það myndi
geta orðið sterkur þáttur í velmeg-
un okkar í framtíðinni. Jeg óska
ykkur blómskrúðugs sumars í
íslenzkum heimilisiðnaði!
Jeg þakka ykkur, háttvirtu kvenn-



fjelagskonur, fyrir framfara spor-
ið, sem þið hafið stigið í vetur, og þá
ekki sízt fyrir hönd skólabarnanna
minna, sem komu svo oft inn til
ykkar, þegar þið voruð að störfum
og horfðu svo hugfangin á verk
ykkar.
Jeg vildi að jeg gæti brugðið sem
fljótast upp fyrir ykkur, skírri mynd
af stóru og velbyggðu húsi á ein-
hverjum fögrum stað hjer í Blöndu-
hlíð, og það væri þannig byggt, að
það gæti bæði verið barnaskóli og
heimilisiðnaðarskóli í senn, svo
börn og unglingar gætu fengið að
læra dálítið í heimilisiðnaði —
jafnframt því bóklega. — Jeg get
ekki gert að því, mig dreymir vor-
drauma um svoleiðis hús.
Dreymir ykkur slíka drauma?
Jeg vildi að svo væri. Kannske
draumarnir yrðu einhverntíma
að raunveruleika. — Þetta heitir

nú að tapa á mikilsverðu máli.
Skagfirðingar! Gleðilegt og bless-
unarríkt sumar í öllu því sem
gott er og fagurt!
Jón Kristjánsson.

# Gamalt.

## III.

1. Fyrsta lestrarfjelag í Skagafirði, var stofnað árið 1805. Mun Jón sýslumaður Espólín hafa verið aðal-stofnandi þess. Var hann forseti fjelagsins, en Jakob Havsteen kaupm. í Hofsós var gjaldkeri þess. Meðlimir fjelagsins í fyrstu voru og þessir: Pjetur próf. Pjetursson á Miklabæ, Bjarni prestur Jónsson á Mælifelli, Eiríkur aðstoðarprestur hans að Hafgrímsstöðum, Bjarnason frá Djúpadal, Jón prestur Jónsson í Goðdölum, Jón pr. Konráðsson í Hrísey, Magnús pr. Árnason á Rip, Páll prestur bróðir hans á Hofsstaðastöðum, Árni pr. Snorrason í Felli, Dúi Havsteen í Hofsós bróðir Jakobs, Gísli próconrector Jónsson í Hofstaðaseli, Gottskálk bóndi Egilsson á Völlum, Þorsteinn bóndi Erlendsson á Hóli í Sæmundarhlíð og Jón bóndi í Viðvík Jónsson læknis Pjeturssonar. —



Skyldu bækur ganga um milli fjelagsmanna í ákveðinn tíma, en það gekk torveldlega, að þeim væri eigi haldið lengur en skyldi á einum stað.
Eigi er nú hægt með vissu að vita, hvað lengi fjelag þetta hefir starfað, eða hvað orðið hefir um bækur þær, sem það átti.

2. Sáttanefndir (eða sáttamenn) voru fyrst skipaðir hjer á landi 1797.
Afstýrðu þær síðan mörgum málaferlum, er afar-mikið var af fyrir og um þann tíma, en þó ei svo mörgum sem menn mundu ætla, og var það helzt efni til, að hvert smáræði er menn hlífðust áður við, að bera undir dóm eða til sýslumanns,

eda sýslumenn gjördu lítid úr, þá
var nú allt borid fyrir sáttamenn og
kom sídan hvad eina fyrir dóm, hversu
lítid sem var, ef ei vard af sáttmálum.

Í Skagafjardarsýslu voru þessir fyrstu
sáttamenn: Pjetur prestur Pjetursson í
Miklabæ, var sáttamadur fram um Skaga-
fjörd, austan Vatna. Gísli pro-conrector
Jónsson bóndi í Hofstadaseli var sátta-
madur um Vidvíkursveit, Hegranes og
Höfdaströnd og dali alla þar ytra.
Árni prestur Snorrason í Felli var út
þadan. Fram um Tungusveit og Dali
var sáttamadur Eiríkur prestur Bjarna-
son á Hafgrímsstödum, en um midja
sveit, vestan Vatna, og út um Reykja-
strönd, var sáttamadur Eggert prestur
í Glaumbæ. Hann var sonur Eiríks
Eggertssonar og kominn af Eggert
„stóra" er bjó á Stóru Ökrum og drukn-
adi í Hjeradsvötnum. Eggert prestur
hafdi verid ryskjóttur mjög, var hann
drykkjumadur og nálega var ei sá



mannfundur eda veizla med bændum
í sóknum hans, nokkra hríd, svo ad
hann væri vid, ad ei yrdi ryskingar
eda þvílíkt. Var hann glettinn og hvat-
fær og glímumadur mikill, en margir
voru honum öfundsamir og sumu
þó fáir á hann þó sterkari væru.
Hafdi hann löngum átt í lagadeilum
vid ýmsa. Fyrrum hafdi hann verid
sveinn Skúla fógeta, þá hann var í
Skagafirdi. — — Magnús prestur
Magnússon í Hvammi var sáttamadur
fyrir utan Laxárdalsheidi.

3. Bankasedlar komu fyrst til
Íslands árid 1778 „og þótti þad mörg-
um mikil nýlunda og hjegómi".
Peningar þeir, sem ádur höfdu verid
í umferd manna á milli, voru mest-
megnis silfurpeningar (dalir spes-
íur) og má geta nærri, ad körlum
þeim, sem sagt var ad söfnudu pen-
ingum, hafi þótt lítid til koma brjef-

peninganna. Nú á tímum er þetta orðið öfugt. Silfurpeningar sjást varla, en brjefpeningarnir, sem þeim gömlu þóttu svo hjegómlegir, eru nú orðnir aðalgjaldeyrir manna.

4. **Afnám messudaga.** Árið 1771 voru „afteknar hjer á landi helgra manna messur og þrettándi í Jólum, og þar með þriðji dagur í stórhátíðum öllum, er ei skyldi heilagt halda; þótti það almúga og prestum sumum kristnispell mikið!"

Þeim gömlu hefir þótt missir í, að tapa svo mörgum messudögum, voru þá og kirkjugöngur alþýðu meiri en nú er og trúrækni meiri.

Á þessari öld hafa heyrst raddir um það, að afnema annan í öllum hátíðum og jafnvel fleiri messudaga. Eftir því að dæma, hvað alþýða er nú farin að vanrækja kirkjugöngur og jafnvel sumir prestar að nokkru skyldu-



störf sín, mætti ætla, að nú á dögum mundi það ekki þykja „kristnispell" jafnmikið og fyrrum, þó slíkt kæmi til framkvæmda.

Tímarnir breytast og mennirnir með.

S. J.

## Tilgangur „Viljans" og námsskeiðið á Stóru Ökrum.

Þegar jeg hefi athugað „Viljann" og frágang hans á liðnum árum, hefur mjer blöskrað óvandvirkni sumra þeirra manna, er að honum hafa staðið. Það er eins og þeim hafi verið alveg sama hvernig blaðið leit út og hvernig innihald þess var. Þessir menn, hafa algerlega annaðtveggja ekki skilið tilgang blaðsins eða misboðið honum. Fyrst og fremst er frágangur á sumum árgöngum blaðsins undarlega ljótur, en svo er líka innihaldið í sumum blöðunum svo, að það er nærri því

óvideigandi hinu góða og kæra Lestr-
arfjelagi Miklabæjarsóknar, að eiga slíkt
í fórum sínum. Hjer á jeg við vitlaust
dægurþras og ógeðslegar persónulegar
skammir. — Og þetta býst jeg við, að
muni hafa dulið mönnum hinn góða
tilgang blaðsins og rírt í augum manna
og hugum manna, gildi þess.

Aðaltilgangur blaðsins er í stuttu máli
þessi: Að veita lesendum þess skemmtun
og fróðleik. Hefði nú verið vandað
til blaðsins eftir föngum, þessi ár
sem það hefur komið út, væri það nú
skemmtileg og góð eign.

Eitt er það sem menn hafa of lítið
gert að, það er að láta blaðið flytja
og geyma ýmsan fróðleik sem hefir
fallið til í sveitinni. T.d. útdrátt
úr ýmsum skýrslum, nýmæli og við-
burði. Ef þetta hefði verið gert og
því svo haldið áfram, mundi
„Viljinn" að lokum verða ekki svo
lítið heimildarrit og menningar.



Samkvæmt þessu, er sjálfsagt að
geta um: námsskeið kvenna á Stóru
Ökrum.

Allir hugsandi menn hafa vakn-
að til umhugsunar á því, hversu þjóð
vor stendur á alvarlegum takmörkum.
Það er aðallega tvennt, sem ollað hefir
þungum hugsunum þessara manna
og knúð þá til að hefjast handa.
Þetta tvennt er: fjárkreppa
og hnignandi heilsufar.
Sje ekkert tekið til ráða, mundi fara
svo, að þjóðin yrði gjaldþrota og
menn hrindu niður fyrir aldur fram
af vaxandi sjúkdómum. En hami-
ngjunni sje lof — augu manna
eru að opnast.

En nú skulum við, heiðruðu les-
endur, gæta alvarlega að því, hvað
það aðallega er, sem veldur þess-
um sviplegu erfiðleikum.

Hagsýnustu og glöggustu menn
~~menn~~ okkar segja: að það stafi

mikid af breyttum lifnadar-
háttum.
Vid Íslendingar höfum undanfar-
in nærtu ár, lifad ólíkt því sem ádur
var. Hættum mikid vid ad leggja
til munns og maga þann mat, sem
vid í margar aldir framleiddum
sjálfir eda land vort. Og vid hættum
líka mikid vid, ad klædast fötum úr
íslenskri ull. Þetta hvorutveggja
hafdi þau skadlegu áhrif, ad efna-
hagur þjódarinnar minnkadi ódum
og heilsufar manna líka.
Hagfrædingum og læknum ber sam-
an um þetta — og meira þarf hjer ekki
vitnanna vid.
Nú eru bestu menn þjódarinnar
ad brýna huga manna: ad snúa vid
og lifa sem allra-mest á heimafengnu.
Og þad er lífsskilyrdi fyrir þessa þjód.
Læknar advara og leidbeina, en svo
virdist mjer þad helst enn vera konur,
sem sýna vidleitni í þessa átt, í verk-



inu.
Vídsvegar um landid hafa konur
myndad fjelög, sem öll eru stofnud
í gódum, nýtum og göfugum til-
gangi. Og þad er eftirtektarvert,
hvad þessi kvennfjelög hafa all-
stadar, þar sem jeg þekki til, unnid
med áhuga, fjöri og lífi fyrir mál-
efnum sínum. Og þad eru feiknin
öll, sem þau fjelög eru búin ad
gera til menningar og mannúdar.
Og gæti jeg tilfært mörg dæmi, sem
sönnudu þetta.
Einn þátturinn í framsóknar-
starfi kvenna, er sá, ad endur-
nýja og fullkomna samkvæmt
nútídar kröfum — heimilisidn-
adinn í landinu.
Og ein slík vidleitni er
námsskeidid hjer á Stóru-Ökrum.
Þad var byrjad næstlidinn vetur
og stód þá yfir 6 vikna tíma, og nú
í vetur 8 vikna tíma. Kennslukonur

hafa verið ungfrúrnar Lilja Sigurðardóttir á Víðivöllum, Helga Sigtryggsdóttir, Framnesi og húsfrú Kristín, systir Helgu, á Framnesi.

Námsmeyjar hafa verið milli 10 og 20 hvern tíma.

Auk hinnar verklegu kennslu, hafa kennslukonurnar fengið ýmsa fara menn til að flytja fyrirlestra við og við, bæði til að veita fólki holla skemmtun, og fræðslu. —

Allir, þar sem jeg þekki til, hafa kostað kapps um að styðja sem allra best þessi námsskeið, er orðin eru víða um landið, því þau verðskulda það. Þær konur, sem stjórna þeim, gera það ekki í gróðaskyni — eitthvað öðru nær. — — —

Að endingu óska jeg kennslukonunum hjer á Stóru Ökrum, til hamingju með hin góðu áhugamál sín.

B. Bárddal.



# Lestur.

## (Þýtt)

Það er ekki aðalatriðið að muna allt, sem maður les. Flest sem lesið er, eru að eins tröppur, sem stigið er á til að komast hærra. Það er engin þörf á að muna allt sem lesið er, til að hafa gagn af því. En sá sem les, verður að hafa augun opin. Ef svo er lesið þroskar lesturinn dómgreindina, og sá þroski varir, þótt allt gleymist. Hafi maður sjeð gott málverk með árangri, að manni hafi skilist meiri um í list og fánýtu handhandverki, þá hefur smekkvísin þroskast í eitt skifti fyrir öll, og hnígur varla í sitt forna far. Ef spurt er: „Hvaða gagn er að því sem gleymist?“, svara jeg: Það hefur þroskað dómgreindina og dýpkað skilninginn.

Eykur menntunin hamingju okkar?

Hún leysir okkur frá ýmsum þjáningum. Það er ekki að efa, en af auknum þroska leiða þjáningar, sem áður

voru óþekktar. Það er margt, sem hinn ómenntaði tekur nærri sjer, en hinn menntaði lætur sem vind um eyrun þjóta, en svo er líka margt, sem þjáir þann einan, sem menntaður er. Ef það er hamingja að verða hluttakandi í sorg og gleði í göfgari myndum, þá ber sönn menntun vissulega hamingju í skauti sjer. En ef menn kalla það eitt hamingju, að leysast frá öllum þjáningum, þá liggur menntavegurinn ekki að takmarkinu. Allt er menntandi sem skerpir hugskotssjónir þínar, lyftir sál þinni og styrkir hana. — Allt sem eykur samúð og hlýleik hjartans. Mjer er í skapi nært að segja: Lestu það sem gerir þig meiri alvörumann, því í því er allur þroski fólginn. „En það hvílir ~~eitthvað~~ eitthvert sorgarmyrkur yfir alvörunni", segja menn. Nei, ekki í augum hinna sannmenntuðu, því



þeir skilja að gleðin er umleiðs alvara. Þeir sjá, að þegar augun ljóma af ánægju, það er það alvaran, sem býr innst, sem gefur ljómann. Lausungargleðin glitrar eins og glerbrotið í sólskininu, en það er einhver sorti bak við glit hinnar sönnu gleði, regin djúp undir spegilfleti gimsteinsins. Alvaran varðveitir gleði hinna vitru, og þeir leggja hana ekki við hjegóma. Allt, sem í sannleika er gleðilegt, er líka alvarlegt. Lestu það, sem gerir þig meiri alvörumann! En eins er hægt að segja: Allt sem gefur þjer dýpsta gleði, skaltu lesa!

(Á. Á.)
Jón Kristjánsson.

# Gátur.

1. Hvaða 15 kvennmannsnöfn eru það, þó tveir stafir sjeu teknir framan af nafninu, þá eru þau kvennmannsnöfn samt?

2. Hvaða 11 karlmannsnöfn eru það, þá tveir stafir sjen teknir framan af nafninu, þá eru þau karlmannsnöfn samt?

3. Hvaða 24 bæjarnöfn eru á hestinum?

4. Hvaða skepna er dregin inn í nafnið sitt?

## Tækifærisvísur.

Hryggir geðið fremur fátt,
flestir gleði lofa;
við skulum kveða og hafa hátt,
hinir meðan sofa.
(Haustið 1921.). Þ. J.

Þráir Manga þrifleg Björg —
þrauta angrar gríma;
blámleg spanga brúður fjörg,
bíður langan tíma.
(Nemandinn fór af landi burt, og kom aldrei aftur).
Agnar Baldvinsson.

Ritstjóri: Agnar Baldvinsson.

## Gangur „Viljans."

| | Kom. | Fór. |
|---|---|---|
| Djúpadal | 29/3 | 30/3 |
| Litladal | 30/3 | 31/3 |
| Stóru Ökrum | 31./3. | 2./4. |
| Höskuldsstöðum | 2-4 | 4-4 |
| Miðhúsum | 4-4 | 6-4 |
| Þorleifsstöðum | 6-4 | 8/4 |
| Vaglagerði | 8-4 | 10.-4 |
| Vöglum | 10-4 | 11-4. |
| Hrólfsstöðum | 11-4. | 13-4. |
| Miklabæ | 13/4. | 14/4. |
| Víðivöllum | | |
| Miðsitju | 6/5. | 7/5. |